

42. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. nóvember 2015, kl. 13:00 á í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson, Jónína Magnúsdóttir, Preben Jón Pétursson, Edward Huijbens, Haukur Orri Kristjánsson fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

### Dagskrá

1. Starfa- og fjárhagsáætlun  
Fjármálastjóri mætti og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og aðstæðum sem gætu orðið til breytinga á henni. Umræður urðu um áhrif kjarasamnings kennara á launalið skólans.
2. Starfsmannamál, auglýsingar  
Skólameistari upplýsti að fyrirhugað væri að auglýsa eftir náms- og starfsráðgjafa nú um áramót. Aðrar breytingar eru ekki fyrirhugaðar á vorönn. Upp kom hugmynd að því hvort ekki gæti verið grundvöllur fyrir því að auglýsa sameiginlega eftir náms- og starfsráðgjafa fyrir Grunnskóla Fjallabyggðar og Menntaskólann á Tröllaskaga.
3. Tengsl við félagslíf  
Skólameistari og Haukur Orri, fulltrúi nemenda, ræddu um félagslíf nemenda. Haukur ræddi um að ekki hefði verið mikill vilji fyrir þátttöku í því sem nemendafélagið hefði stungið upp á. Alltaf væru einhverjir tilbúnir að tala þær hugmyndir niður. Rætt hvort nemendur sæki félagslíf sitt utan skólans, hugmynd að fá fulltrúa félagasamtaka í samfélaginu til að kynna starf sitt í skólanum.
4. Önnur mál
  - a. Afdrif útskrifaðra nemenda 2010-2015  
Lögð fram skýrsla um afdrif nemenda sem útskrifast hafa frá skólanum frá árinu 2010. Er þetta fyrsta könnunin sem gerð hefur verið. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með könnunina.
  - b. Ráðstefna á vegum Menntaskólans á Tröllaskaga  
Skólameistari upplýsti að kennarar hefðu komið með þá hugmynd að skólinn héldi ráðstefnu næsta vor þar sem kennarar miðluðu þekkingu sinni og reynslu til annarra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.